

AUGLÝSING

um deiliskipulag Kolls, búfjársvæðis í Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 17. október 2013 deiliskipulag Kolls, búfjársvæðis á Reyðarfirði.

Deiliskipulagið felur meðal annars í sér að gerðar eru 15 lóðir við Fagradalsbraut undir hestús eða annað húsdýrahald. Ein lóð er fyrir félagsheimili og reiðskemmu en á svæðinu er einnig gert ráð fyrir sameiginlegri aðstöðu fyrir skeiðvöll, gerði og geymslusvæði fyrir hey, hestakerrur o.fl.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 5. nóvember 2013,

Páll Bj. Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2013